

Nýtt námshaust

Nýtt útlit

Við fögnum haustinu með nýju útliti og breyttu útgáfufyrirkomulagi á námsvísi Þekkingarnets Þingeyinga.

Námsvísirinn hefur undanfarin ár komið út tvisvar á ári. Oft höfum við heyrt frá viðskiptavinum okkar að þeir hafi misst af námskeiðunum sem þeir höfðu mestan áhuga á því langur tími leið frá útgáfu námsvísisins þar til kom að námskeiðunum.

Til að koma betur til móts við viðskiptavini okkar ákváðum við því að fjölga útgefnum námsvísium úr tveimur í níu. Framvegis kemur námsvísirinn okkar út í kringum 25. hvers mánaðar. Með þessu móti getum við líka brugðist betur við ef sérstakar óskir um námskeið koma frá viðskiptavinum okkar hvort sem er frá fyrirtækjum eða einstaklingum.

Á heimasíðunni okkar www.hac.is verður þó alltaf hægt að sjá lengra fram í tímann fyrir þá sem það vilja, en allt námskeiðahald haustsins verður birt þar á næstu dögum og hægt að skrá sig beint af heimasíðunni.

Það er von okkar að Þingeyingar taki breytingunni vel og nýti sér í auknum mæli þá þjónustu sem við höfum að bjóða.

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga

Tæpitungulaust á Húsavík—ókeypis fyrir alla

29. september Kl. 20.00

Jóhanna Kristjónsdóttir

Konur í miðausturlöndum

Jóhanna Kristjónsdóttir, blaðamaður og formaður VIMA-vináttu og menningarfélags Miðausturlanda býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu á arabaheiminum og hefur dvalið þar langdvölum.

Hún mun tala tæpitungulaust um Miðausturlönd fyrr og nú. Hún mun fjalla sérstaklega um stöðu kvenna svo og það sem nú er að gerast í Miðausturlöndum og aðdraganda þeirra atburða. Einnig verður velt vöngum yfir því hvað gæti gerst á næstunni í þessum heimshluta.

Í október

- ⇒ **ESB— kostir og gallar.** Fimm fyrirlestrar sem flestir verða fluttir á a.m.k. tveimur stöðum í héraðinu. Landbúnaður, sjávarútvegur, byggða- og sveitarstjórnarmál, gjaldmiðill, samningaferlið.
- ⇒ **Tæpitungulaust** á Húsavík og á Þórshöfn.
- ⇒ **Kaffinámskeið**

Sjá nánar á heimasíðu á næstu dögum



Skráningar í síma **464 5100** alla virka daga frá kl. 8:00 til 16:00, á hac@hac.is með upplýsingar um nafn, heimilisfang, símanúmer, kennitölu og stéttarfélagsaðild eða á www.hac.is

Skráningu lýkur fjórum dögum fyrir fyrstu kennslustund

Skráningar



September

námsvísir

www.hac.is

facebook



Þekkingarnet
Þingeyinga

Hafnarstétt 3, 640 Húsavík Sími. 464 5100 hac@hac.is

Húsavík, Mývatn og Þingeyjarsveit

Hæll, tá og þumall

Verð: 7.900 9 kest.

Þátttakendur þrjóna sokka- eða vettlingapar (jafnvel bæði ef tími gefst). Kennst er að þrjóna með 5 þrjóna (sokkaprjóna) og áhersla lögð á hæl, þumal og úrtöku á tá og fingrum. Hafa þarf meðferðis: Uppskrift, garn og sokkaprjóna sem hæfa uppskriftinni, skæri og málband.

Leiðbeinandi: Anna B. Einarsdóttir. **Staður:** Húsavík
Tími: 19., 21. og 27. sept. kl. 19:30-21:30

Hárið í hnút

Verð: 5.900 4,5 kest.

Lærðu að greiða þér eins og kvikmyndastjarna. Fjallað verður almennt um hárhirðu. Svo verður sýnikennsla á einföldum en flottum greiðslum, bæði í stuttu og síðu hári. Að lokum fá allir að spreyta sig.

Leiðbeinandi: Guðný Björnsdóttir **Staður:** Húsavík
Tími: 20. september kl. 19:00-22:00.

Sápugerð

Verð: 10.500 4,5 kest.

Á námskeiðinu er farið yfir það hvernig sápa verður til, hvaða efni og áhöld þarf til sápugetar í föstu formi. Algeng aðferð verður kennd en fleiri nefndar. Allir eiga að geta búið til sápu eftir eigin uppskriftum að loknu námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Ólafur Halldórsson. **Staður:** Húsavík og Laugar.
Tími: Húsavík, 13. sept. kl. 19:00-22:00, Laugar, 14. sept. kl. 19:00-22:00.

Spænska II

Verð: 28.500 30 kest.

Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur auki orðaforða sinn, fái aukna þjálfun í framburði og öðlist færni í að tala spænsku. Fjallað verður um spænska menningu, sögu og þjóðlíf.

Leiðbeinandi: Olga Hrund. **Staður:** Húsavík
Tími: Hefst 26. september. Kennst mánud. og miðvikud. kl. 20:00-22:00.

Smáréttir og snittugerð

Verð: 8.500 4,5 kest.

Farið verður yfir helstu gerðir af snittum. Ýmsir taparéttir (smáréttir) verða líka á boðstólum. Í upphafi er sýnikennsla, svo fá þátttakendur tækifæri til að spreyta sig sjálfir. Að lokum verður smakkað á kræsingunum.

Leiðbeinandi: Olga Hrund. **Staður:** Húsavík og Laugar.
Tími: Húsavík, 14. sept. kl. 19:00-22:00, Laugar 15. sept. kl. 19:00-22:00.

Tölvur 45+, framhald

Verð: 16.500 15 kest.

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa lokið við Tölvur I eða hafa svolitla reynslu af tölvunotkun en vilja dýpka þekkingu sína og öðlast auknið öryggi. Farið verður í skipulag skjala og vistun gagna, möppur. Einnig verður fjallað um samspil netsins og ýmissa tölvuforrita.

Leiðbeinandi: Snæbjörn Sigurðsson. **Staður:** Húsavík
Tími: Hefst 13. sept. Kennst þriðjud. og fimmtud. kl. 20:00-22:00.

Veljum vellíðan

Verð: 39.900 24 kest.

Námskeiðið hefur alhliða nálgun þ.e. líkamlega, andlega og félagslega. Farið verður í þætti eins og þróun heilbrigðs lífsstíls, aðferðir til að auka hreyfingu, hollt mataræði, aðferðir til að halda kjörþyngd ásamt mörgum öðrum þáttum. Öll gögn innifalin í námskeiðsgjaldi.

Leiðbeinandi: Brynhildur Gísladóttir. **Staður:** Húsavík
Tími: Hefst fimmtudag 15. sept. kl. 20-22 og stendur til 3. nóv. (8 vikur).

Húsavík, Mývatn og Þingeyjarsveit

Enska, framhald

Verð: 28.500 30 kest.

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa lokið við Ensku I eða hafa undirstöðukunnáttu í ensku. Þátttakendur fá aukna þjálfun í framburði og tali. Unnið verður með orðaforða og málfræði.

Leiðbeinandi: Sigríður Sigmundsd. **Staður:** Mývatn.
Tími: Hefst 12. sept. Kennst mánudaga og miðvikudag kl. 20:00-21:30.

Námsleiðir

Sjá nánar á www.hac.is

Almennar bóklegar greinar—Húsavík og Þórshöfn
Getum bætt við nemendum í íslensku 202, ensku 202, dönsku 202 og stærðfræði 122.—hefst 5. september.


Sterkari starfsmaður—Húsavík og Þórshöfn
Upplýsingatækni og samskipti. Kennst á dagtíma 4 daga í viku frá kl. 13:00-15:10 á Húsavík en seinniparta á Þórshöfn.

Skrifstofuskóli—Húsavík
2ja anna nám, kennt tvo seinniparta í viku.

Landnemaskóli—Húsavík
Samfélagsfræðsla og íslenskukennsla fyrir útlendinga sem lokið hafa íslensku III.

Origami—bátur

Við á Þekkingarnetinu settum okkur umhverfisstefnu árið 2008 og höfum starfað eftir henni síðan. Þess vegna viljum við gjarnan að námsvísarnir okkar fái framhaldslíf þegar fólk hefur kynnt sér námsframboðið og jafnvel skráð sig á námskeið hjá okkur. Í hverjum námsvísi munum við birta leiðbeiningar um hlut sem búa má til úr pappírnum með því að notast við hina japönsku origami pappírlist. Hér fyrir neðan má sjá hvernig á að gera bát.



Þórshöfn, Bakkafjörður, Raufarhöfn og Kópasker

Blaknámskeið

Verð: 15.000 12 kest.

Kennd verða undirstöðuatriði í blaki, bæði leikreglur og tækni.

Leiðbeinandi: Árni Sigurðsson. **Staður:** Raufarhöfn
Tími: Kl. 17:00-19:00. Hefst 8. september. 4 skipti.

Crossfit

Verð: 12.900 12 kest.

Farið verður í grunnþætti Crossfit, bæði í fyrirlestur og verklegri kennslu. Fjallað verður um næringu, markmiðasetningu og fleira sem þarf að hafa að leiðarljósi svo hreyfing skili tilætluðum árangri.

Leiðbeinandi: Arnþrúður Helgadóttir. **Staður:** Kópasker og Þórshöfn
Tími: Þórshöfn, 17.-18. sept. Kópasker 24.-25. kl. 10:00-15:00.

Íslenska IA—Islandzki IA

Verð: 23.500 30 kest.

Fjallað verður um uppbyggingu tungumálsins. Lögð er áhersla á mál til daglegrar notkunar t.d. kveðjur, tölur, tímahugtök, einstaklingurinn sjálfur, áhugamál, fjölskyldan, hefðir og venjur.

Leiðbeinandi: Heiðrún Óladóttir **Staður:** Bakkafjörður.
Tími: Hófst 29. ágúst. Kennst mánud., miðvikud. og fimmtud. kl. 16-18.

Lightroom

Verð: 7.900 5 kest.

Á námskeiðinu læra þátttakendur á stafræna myndvinnslu með adobe lightroom forritinu. Gott er að þátttakendur mæti með eigin tölvur og myndavélar á námskeiðið.

Leiðbeinandi: Ragnhildur Aðalsteins. **Staður:** Þórshöfn
Tími: 23. september kl. 18:00-22:00.

Ljósmyndanámskeið

Verð: 17.500 10 kest.

Ljósmyndanámskeið fyrir þá sem vilja fá meira út úr myndavélunum sínum, bæði stórum og smáum. Markmiðið er að læra á sína eigin vél, fara í gegnum stillingar og annað sem bætir myndgæðin.

Leiðbeinandi: Ragnhildur Aðalsteins. **Staður:** Þórshöfn.
Tími: 24.-25. september kl. 10:00-14:00.

Nýtt húsnæði á Þórshöfn



Menntasetrið á Þórshöfn hefur vaxið og dafnað frá því að það tók formlega til starfa haustið 2009. Íbúar Langanesbyggðar hafa tekið starfsemi vel og því var orðin brún þörf á að komast í stærra og hentugra húsnæði. Menntasetrið mun frá og með haustinu starfa í ísfélagshúsinu og í vetur verða þar þrjú starfsmenn í tveimur og hálfu stöðugildi, þar af einu og hálfu á vegum Þekkingarnets Þingeyinga.

Gréta Bergrún er komin aftur til starfa eftir barnsburðarleyfi og mun Heiðrún Óladóttir starfa með henni í hálfu starfi.